

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Reykjanesbæ.

Valhallarbraut 868, breyting á deiliskipulagi.

Bæjarstjórn samþykkti 5. september 2023 deiliskipulagstillögu samkvæmt uppdráttum T.ark arkitekta ehf. frá 15. maí 2023.

Með deiliskipulagstillögunni, frá 15. maí 2023, er skipulagið uppfært og afmörkun breytt. Skipulagssvæðið stækkar til austurs svo heildarskipulagssvæðið fer úr 13,0 ha í 16,16 ha. Aðkomu að lóð er breytt og lega þjóðbrautar sem er utan skipulagssvæðis, en innan skipulagssvæðis ISAVIA, breytist.

Skipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð í samræmi við 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Reykjanesbæjar, 27. nóvember 2023.

Halldóra F. Þorvaldsdóttir staðgengill bæjarstjóra.

B-deild – Útgáfudagur: 11. desember 2023